



## **Valáfangi á haustönn 2019 fyrir bæði F og N**

**Heiti áfanga: Kvikmyndatónlist og leikgleði**

**Áfanganúmer: Ensk3KLo5**

**Þrep: 3**

### **Enska – Kvikmyndatónlist og leikgleði**

**Aðili sem kynnir áfanga: Jóna Katrín Hilmarsdóttir**

**Markmið áfangans eru:**

- að nemendur kynnist og geti rætt í ræðu og riti á gagnrýninn hátt um kvikmyndir og tónlist í kvikmyndum
- að nemendur þjálfist í almennri framkomu og túlkun á ýmiss konar texta, leikverkum, hugmyndum, hlutum á leikrænan hátt
- að nemendur öðlist meira sjálfstraust í að vinna sjálfstætt með skapandi verkefni og skila afurð til kennara og/eða fyrir framan hóp/áhorfendur

Unnið verður með kvikmyndir þar sem einblínt verður á tónlistina sem notuð er í kvikmyndum; hvernig hún er notuð; hvaða áhrif hún hefur; til hvers hún er; og í sameiningu reynum við að skilgreina hvað það er sem gerir kvikmyndatónlist áhrifaríka/nær fram þeim áhrifum sem vonir stóðu til. Hvort tveggja verður horft til heðföbundinna kvikmynda og söngleikja (e. musicals – í víðasta skilningi þess orðs). Lögð verður áhersla á að nemendur vinni verkefni með akademískum áherslum upp úr þessum hluta áfangans. Þar verður gert ráð fyrir að nemendur nái tökum á að rýna í kvikmyndirnar og tónlistina á gagnrýninn hátt. Einhverjar kvikmyndir verða til umfjöllunar í tímum en að einhverju leyti munu nemendur vinna verkefni upp úr bíómyndum sem einstaklingsverkefni.

Hins vegar verður farið í leiklistaræfingar – bæði skapandi spuna og æfðar einræður og allt þar á milli. Horft er til þess að nemendur fá nasasjón af leiklistinni en fá fyrst og fremst að spreyta sig á æfingum og verkefnum sem byggja á tækni við að koma fram. Framkoma, líkamsbeiting, raddbeiting, framburður og fleira verað til umfjöllunar. Þessi hluti áfangans verður að miklu leyti verklegur. Nemendur munu þá þurfa að skila af sér verkefnum í formi flutnings og með upptökum (video upptökur). Þátttaka í tímum/verkefnum mun einnig vega þungt í verklegu mati á þessum hluta áfangans.

Undanfari: Ensk3TE05

